

Ákvörðun nr. 14/2021  
Mánudagur, 10. maí 2021

### **Kaup PPH ehf. á Pizza-Pizza ehf.**

1. Þann 6. apríl 2021 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup PPH ehf. (hér eftir „PPH“) á öllu hlutafé Pizza-Pizza ehf. (hér eftir „PP“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Í samrunaskránni kom fram að það væri mat samrunaaðila að enginn aðili nyti yfirráða yfir PPH og skilyrði um sameiginleg yfirrád því ekki fyrir hendi. Þar af leiðandi væri samruninn ekki tilkynningarskyldur. Jafnframt var óskað eftir mati Samkeppniseftirlitsins á þeirri túlkun.
2. Með bréfi, dags. 29. apríl 2021, áréttaði Samkeppniseftirlitið fyrri sjónarmið sín um að mat á því hvort samruni sé tilkynningarskyldur samkvæmt 17. gr. a samkeppnislaga hvíli á samrunaaðilum. Þá kom fram að í b-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga segi að samruni teljist hafa átt sér stað þegar breyting verði á yfirráðum til frambúðar þegar fyrirtæki taki yfir annað fyrirtæki. Líkt og fram komi í bréfi samrunaaðila felist í samrunanum að PPH taki yfir allt hlutafé PP. Með bréfinu hafi m.a. fylgt staðfesting á greiðslu samrunagjalds, hluthafasamkomulag sem og samrunaskrá. Þá segir að Samkeppniseftirlitið fái ekki séð, m.a. miðað við ákvæði í hluthafasamkomulagi PPH og í ljósi ákvæða samkeppnislaga og viðmiða samkeppnisréttarins um yfirrád, að fullyrðingar samrunaaðila standist nánari skoðun, þ.e. um að samruninn sé ekki tilkynningarskyldur sökum þess að enginn aðili njóta yfirráða yfir PPH.
3. Er það því mat Samkeppniseftirlitsins að í kaupum PPH á öllu hlutafé PP felist tilkynningarskyldur samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
4. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið fyrst og fremst til upplýsinga í samrunaskrá, samtala við keppnauta og fyrri rannsókn eftirlitsins á sama markaði.
5. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila sé eftirfarandi:
  - a) PPH sé nýstofnað félag utan um eignarhluti í PP og sé í eigu fimm hluthafa. Þ.e. Eyju fjárfestingarfélags III ehf. sem mun fara með 35% hlut, Kristins ehf. sem mun fara með 26% hlut, Lýsis hf. sem mun fara með 13% hlut, Sjávársýnar ehf. sem mun fara með 26% hlut og Jónsson & Harðarson ehf. sem mun fara með 1% hlut.
    - Eyja fjárfestingafélag III ehf. er dótturfélag Eyju fjárfestingafélags ehf. Síðarnefnda félagið á jafnframt 90% hlut í Snaps ehf. og 83% hlut í Joe Ísland ehf.
    - Joe Ísland ehf. rekur veitingastaði undir vörumerkinu Joe & the Juice sem selja einkum djúsa, samlokur og kaffi. Í samrunaskrá segir að fyrirhugað sé að PP muni veita Joe Ísland ehf. rekstrarþjónustu á grundvelli sérstaks þjónustusamnings, svo sem vegna bókhalds, reksturs skrifstofu yfirstjórnar o.þ.h. en ekki verði önnur sambætting milli fyrirtækjanna.



- Snaps ehf. rekur hefðbundinn veitingastað að Þórsgötu 1 Reykjavík þar sem þjónað er til borðs.
  - Þá kemur fram að eitt af dótturfélögum Kristins ehf. sé ÍSAM ehf. sem rekur m.a. heildsölu.
  - Önnur félög undir yfirráðum samrunaaðila starfa á ótengdum mörkuðum.<sup>1</sup>
- b) Tilgangur PP sé veitingarekstur og skyldur rekstur. Félagið reki 23 veitingastaði undir merkjum Domino's á Íslandi sem selji pítsur og tengdar vörur, þ.e. skyndibita, sem annað hvort séu afhentir kaupendum á staðnum eða sendir kaupendum gegnum heimsendingarþjónustu. Auk þess reki félagið framleiðslu- og birgðastöð sem og þjónustuver fyrir sölustaði Domino's Pizza.
6. Af hálfu samrunaaðila er á því byggt að þeir starfi á markaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði á Íslandi, sbr. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 35/2011, *Kaup FoodCo hf. á öllu hlutafé í Shiraz*, nr. 20/2016, *Samruni Pizza-Pizza ehf. og G. Arnfjörð ehf.*, nr. 5/2015, *Kaup Eddu slhf. á hlut í Pizza-Pizza og BHB fasteignum ehf.* Þá segir að í ákvörðun nr. 4/2020, *Samruni FoodCo hf. og Gleðipinna ehf.* hafi komið fram að rök gætu verið fyrir því að rétt væri að skilgreina sérstaka markaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaða ef málsatvik og aðstæður á markaðnum krefðust þess. Í málinu var þó ekki talið að ástæða væri til að skilgreina markaðinn með þrengri hætti. Þá segir að ef skilgreindir yrðu undirmarkaðir myndi ekki vera um neina markaði að ræða þar sem samlegðaráhrifa gæti. Þar sem ekki sé um að ræða samþjöppun á hugsanlegum undirmörkuðum telji samrunaaðilar að sömu rök eigi við hér og því rétt að skilgreina markaðinn með sama hætti, þ.e. að þjónustumarkaðurinn sem um ræði taki til allra veitinga- og skyndibitastaða á Íslandi.
7. Í samrunaskrá kemur fram að af þeim aðilum sem standi að PPH sé eingöngu Eyja fjárfestingafélag ehf. sem njóti yfirráða yfir fyrirtækjum á þeim mörkuðum sem áhrifa gætir. Eyja fjárfestingafélag ehf. njóti óbeinna yfirráða yfir félögunum Joe Ísland ehf. og Snaps ehf.
8. Samkeppniseftirlitið telur að rök kunni að vera fyrir því að skilgreina sérstaka markaði fyrir ólíkar tegundir veitingastaða ef málsatvik og aðstæður á markaðnum krefjast þess. Er það þó niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé þörf á því fyrir niðurstöðu fyrirbyggjandi máls að taka endanlega afstöðu til þess hvort skilgreina eigi tiltekna undirmarkaði fyrir veitinga- og skyndibitastaði.
9. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif hans óveruleg enda starfa þeir að miklu leyti á ótengdum mörkuðum. Keppinautar samrunaaðila sem rætt var við höfðu engar áhyggjur af samrunanum og tóku undir að samkeppnisleg áhrif hans væru óveruleg. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

---

<sup>1</sup> Má hér m.a. nefna félögin Korputorg ehf., Fjárfestingarfélagið B ehf., Fastus ehf. og HealthCo ehf., sem eru öll undir yfirráðum Kristins ehf.



## Ákvörðunarorð

**„Kaup PPH ehf. á Pizza-Pizza ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson